

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2001

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipa af hálfu utanríkisráðuneytisins Sverrir Haukur Gunnlaugsson aðalmaður og Tómas H. Heiðar varamaður, af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins Þorsteinn Geirsson aðalmaður og Kolbeinn Árnason varamaður, og af hálfu Háskóla Íslands Gunnar G. Schram aðalmaður og Þorgeir Örlygsson varamaður.

Hafréttarstofnun auglýsti styrki til framhaldsnáms í hafrétti og var veittur styrkur til Péturs Leifssonar vegna náms í Erasmus University Rotterdam í Hollandi skólaárið 2000-2001.

Gunnari G. Schram var veittur styrkur til útgáfu rits um hafrétt á íslensku.

Hinn 5. júní heimsóttu fulltrúar Hafréttarstofnunar, Tómas H. Heiðar og Kolbeinn Árnason, Hafréttarstofnunina við Virginíuháskóla í Charlottesville. John Norton Moore, forstöðumaður síðarnefndu stofnunarinnar, og Myron H. Nordquist, aðstoðarforstöðumaður hennar, kynntu starfsemi stofnunarinnar. Rætt var um samstarf stofnananna tveggja og færðu Moore og Nordquist í tal hugsanlega aðild Hafréttarstofnunar Íslands að Ródos-akademíunni í hafrétti og buðu fulltrúum Hafréttarstofnunar að sækja sumarnámskeið akademíunnar í ár. Enn fremur var rætt um hugsanlegt samstarf stofnananna tveggja um ráðstefnuhald á komandi árum.

Fulltrúar Hafréttarstofnunar, Gunnar G. Schram og Tómas H. Heiðar, sóttu hluta sumarnámskeiðs Ródos-akademíunnar sem haldið var 9.-27. júlí. Í framhaldi af því var ákveðið að stofnunin yrði styrktaraðili Ródos-akademíunnar á árinu 2002.

Hafréttarstofnun efndi til athafnar í Hátíðasal Háskóla Íslands á fullveldisdaginn, 1. desember, til að heiðra minningu Hans G. Andersen þjóðréttarfræðings og sendiherra. Ekkja hans, Ástríður H. Andersen, afhjúpaði brjóstmynd af honum við athöfnina sem verður varðveitt í Lögbergi, H.Í. Hún færði Hafréttarstofnun jafnframt lagabókasafn Hans en þar eru fyrst og fremst bækur á sviði hafréttar. Ávörp fluttu Eiríkur Tómasson, varaforseti lagadeildar H.Í., Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra. Móttaka var haldin að athöfninni lokinni.